

**Efnahags- og viðskiptanefnd**

Skrifstofa Alþingis

101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2022

E-2022-383/00.11

Netfang: nefndasvið@althingi.is

**Efni: Umsögn upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar**

Við er til máls nr. 463, upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, sem auglýst er til umsagnar á vef Alþingis. Um mikilvægt mál er að ræða með langan aðdraganda hjá Evrópusambandinu og sem hefur nú þegar tekið gildi innan aðildarríkja þess. Reglugerðunum tveimur, SDFR reglugerðinni og flokkunarreglugerðinni (e. Taxonomy), er ætlað að leika mikilvægt hlutverk í vegferð Evrópusambandsins hvað varðar loftslagsbreytingar og kolefnislaust hagkerfi. Samræming upplýsingagjafar um áhættu tengda sjálfbærni við fjárfestingaákvæðanir ásamt samræmdu flokkunarkerfi sem skilgreinir hvað teljist sjálfbær atvinnustarfsemi er þannig framfaraskref sem stuðlar að frekari sjálfbærni á fjármálamarkaði.

Landsvirkjun hefur fylgst með framgangi reglugerðanna og telur innleiðingu þeirra á Íslandi jákvæða. Fyrirtækið telur þó mikilvægt að gæta þess að við innleiðingu verði stigin frekari skref til að tryggja velgengni laganna hér á landi og skapa samvinnu og jákvæðni varðandi markmið þeirra. Um íþyngjandi kröfur er að ræða sem fela í sér þung sektarákvæði og krefjast eðlilega tíma og fjármuna eigi innlendir aðilar að standast nýjar kröfur. Landsvirkjun gerir þannig athugasemd við vöntun á aðlögunartíma vegna upplýsingargjafar skv. flokkunarreglugerðinni.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin muni taka gildi um mitt ár 2023. Var gildistöku þeirra frestað frá 1. janúar 2023 til 1. júní 2023 til að koma til móts við athugasemdir Samtaka Fjármálaframtækja. Í greinagerð laganna kemur þó skýrt fram að gera þurfi upp allt árið skv. SDFR reglugerðinni fyrir árið 2023 í heild sinni og í raun munu lögin þannig vera afturvirk til byrjun árs 2023. Ekki verður séð hvernig það standist stjórnarskrá. Ekki er tekið fram í greinagerð hvort krafa um upplýsingagjöf vegna flokkunar reglugerðarinnar sé afturvirk á sambærilegan hátt.

Landsvirkjun telur þetta óheppilegt og óþarflega knappan tímaramma sem gerir íslenskum aðilum erfitt um vik. Óvíst er hvenær tengdar reglugerðir verði birtar og ljóst er að lögin munu taka gildi áður en af því verður. Er þannig óljóst hverjar kröfurnar í raun eru. Þannig gætu hæglega myndast aðstæður þar sem hérlendir aðilar, þrátt fyrir góðan vilja, myndu gerast brotlegir og mögulega hljóta þungar sektir fyrir þau brot. Landsvirkjun bendir á að þegar reglugerðirnar voru innleiddar innan Evrópusambandsins var veittur aðlögunarfrestur sem nam einu til tveimur árum eftir gildistöku laganna og áfangaskiptri upplýsingaskildu. Í ljósi þess fordæmis er rétt og eðlilegt að jafnræðis sé gætt og sami aðlögunartími eigi við á Íslandi og hjá aðildarríkjum ESB, óháð því hvort láðst hafi að tiltaka slíkan aðlögunartíma í ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar.



Með vísan í ofangreint óskar Landsvirkjun eftir því að veittur verði frestur hvað varðar skyldu íslenskra aðila til upplýsingagjafar vegna flokkunarreglugerðarinnar. Landsvirkjun óskar eftir því að miðað verði við gildistöku laganna þann 1.1.2024 þannig að lögin gildi um ársreikninga ársins 2024 og síðar og að bætt verði inn bráðabirgðaákvæðum um að sektarákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi ári síðar eða 1.1.2025. Landsvirkjun telur ennfremur heppilegt að fylgja fordæmi frá Evrópusambandinu og áfangaskipta upplýsingaskyldu til að auðvelda íslenskum aðilum að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Virðingarfyllt,

**Kristín Linda Árnadóttir**

Aðstoðarforstjóri